

Landsteinar – 2. kafli

Vestfirðir

Vestfjarðakjálki er *strjálbýll* og há og brött fjöll setja svip sinn á landið. Á Vestfjörðum eru samgöngur á landi erfiðar **að vetrarlagi** vegna snjóa. *Undirlendi* er lítið og jarðvegur rýr. Samt er víða grösugt og mikið af birkikjarri í fjarðarbotnunum. Á Vestfjörðum eru líka mjög góð berjalönd. Mikið líf er við ströndina, bæði í sjó og á landi. Hornbjarg, Hælavíkurbjarg og Látrabjarg eru með stærstu fuglabjörgum í heimi. Á Vestfjörðum er mikið æðarvarp og þar eru aðalheimkynni hafarnarins á Íslandi en honum hafði **nálega** verið **útrýmt** í byrjun aldarinnar.

Áður var búið við flesta firði og víkur. Fólk stundaði búskap og sótti sjó **jöfnum höndum**. Nú búa flestir í þorpum og bæjum. Margir sveitabæir eru farnir **í eyði** og í nokkrum sveitum býr ekkert fólk lengur. Á síðustu árum og áratugum hefur fólk **fækkað** mjög **ört** á Vestfjörðum. Núna búa þar nokkur þúsund manns.

Ísafjörður er stærsti bær Vestfjarða með um 2700 íbúa. Þar er menntaskóli, sjúkrahús og flugvöllur og jarðgöng liggja yfir í Súgandafjörð og Öfundarfjörð.

Verkefni

1. Skoðið *skáletruðu* orðin í textanum og finnið andheiti þeirra.

strjálbýll er andheiti við _____.

undirlendi er andheiti við _____.

fækka er andheiti við _____.

2. Skoðið *feitletruðu* orðin í textanum. Finnið annað orðalag.

að vetrarlagi = _____

nálega = _____

útrýma = _____

jöfnum höndum = _____

ört = _____

3. Hverjar eru rætur orðanna (*strjál*)byll og (*undir*)lendi?

4. Á Vestfjörðum er jarðvegur *rýr*. Hvað merkir það?

- jarðvegurinn er mikill
- jarðvegurinn er góður
- jarðvegurinn er lítill

5. Hvernig er lýsingarorðið *grösugur* (*grös-ug-ur*) myndað?

Rótin er _____ og svo er viðskeytinu _____

skeytt aftan við rótina. Á eftir viðskeytinu er _____.

Merking viðskeytisins er _____ og

viðskeytið breytir _____-orðum í _____-orð.

6. Á Vestfjörðum er mikið æðarvarp. Æður er stór _____ sem lifir bara á norðurslóðum og heldur sig við sjóinn. Hann _____ eggjum sínum við ár og vötn og stundum í byggð. Hreiðrið er opið og fóðrað með dúni en æðardúnn er talinn besti dúnn í heimi og er því afar verðmætur.

7. Hvert er starfsheiti þeirra?

Þeir sem *kenna* eru *kennarar*.

Þeir sem *sækja sjó* eru _____.

Þeir sem *stunda búskap* eru _____.

8. Margir bæir eru í eyði á Vestfjörðum. Finnið samsett orð sem byrja á *eyði-*.


9. Skoðið Vestfirði á korti. Hverju takið þið fyrst eftir?

10. Við hvaða fjörð stendur Ísafjarðarkaupstaður?

11. Veljið eitt þorp. Ímyndið ykkur við hvað fólk vinnur.

12. Hvers vegna fækkar fólki á Vestfjörðum? Hvernig er að búa þar, hvaða kostir og hvaða gallar fylgja því? (Atvinna, félagslíf, fjölskylda, menntun, samgöngur.)

Blaðagrein: Sonja og Sverrir á Arnfirðingi BA Róum aldrei í tvísýnu veðri



BÍLDUDALUR – ÞÆR eru eflaust fáar konurnar sem róa á rækju ásamt eiginmanni sínum. Á Bíldudal búa ung hjón, þau Sonja Jónsdóttir og Sverrir Garðarsson, sem róa saman á rækju á Arnfirðingi BA og hafa gert svo síðustu tvær vertíðir. Þau hjónin eiga þrjú börn, tvo bíla, snjósleða, tveggja hæða 100 ára gamalt hús og svo auðvitað bátinn sem er 12 tonna eikarbátur smíðaður á Siglufirði 1963. Það er óhætt að segja að þau séu vel haldin af lífsins gæðum en það þarf að vinna til að geta séð fyrir fjölskyldunni og halda öllu gangandi.

Sverrir og Sonja tóku það til bragðs að fara saman á rækjuvertíð og spara þannig vinnulaun til annarra og segja má að sú tilraun hafi gefist vel og Sonju líkar vel á sjónum. „Hún er frábær sjómaður, dugleg og aldrei sjóveik. Eftir að hafa verið með henni til sjós vil ég engan annan en hana um borð,“ segir Sverrir. En hvað segir Sonja? „Já, þetta starf er jafnt fyrir konur og karla. Þetta er skorpuvinna og ekki svo ýkja erfið. Ég skora á fleiri konur að prófa gefist þeim kostur á því. Börnin eru í skólanum og á barnaheimilinu á daginn, en svo fara þau til afa og ömmu. Þau búa í næsta húsi við okkur. Þau hafa verið okkur mjög hjálpleg og án þeirra gætum við ekki verið bæði á sjónum.

Viðbrögð fólks hafa verið misjöfn. Sumum fannst þetta ekki beint gáfulegt í byrjun en við vitum að ábyrgð okkar er mikil og róum aldrei í tvísýnu veðri,“ segir Sonja.

Þau hjónin eru þrjá til fjóra daga að veiða vikuskammtinn, sem er um 6 tonn, og því stuttan tíma með börnum sínum þá daga. Hins vegar hefur lítið gefið á sjó eftir áramótin og á meðan dytta þau hjónin að húsinu sínu sem er með þeim elstu á

Bíldudal. En um leið og lygnir yfir Arnarfirði siglir Arnfirðingur BA út spegilsléttan hafflötinn því nú skal draga björg í bú.

Orðskýringar

róa: róa til fiskjar, fara á sjóinn

sjá fyrir e-m: vinna fyrir e-m og hugsa um e-n

gefist þeim: ef þeim gefst, e-m gefst

draga björg í bú: afla e-s fyrir sig og sína

Verkefni

1. Eru eftirfarandi fullyrðingar sannar?	Rétt	Rangt
Sonja og Sverrir veiða eingöngu rækju.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Báturinn þeirra heitir Arnfirðingur.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Bíldudalur er við Siglufjörð.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þau verða stundum sjóveik.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sonju finnst sjómennskan mjög erfitt starf.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Margar konur á Íslandi sækja sjóinn.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Amma og afi gæta oft barnanna þegar foreldrarnir eru á sjónum.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hjónin eiga gamalt hús.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þau róa á hverjum degi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

2. Myndið samsett orð sem hafa *sjó-*, *sæ-*, *sjávar-* eða *haf-* að fyrri lið og eftirfarandi orð að seinni lið:

maður, sleði, gola, föll, ljón, mennska, skjaldbaka, flötur, pláss, ís, veikur, afli, her, útvegur, réttur.

Blaðgrein: Sólarkomunni fagnað



Bílddælingar sáu fyrst til sólar á þessu ári hinn 1. febrúar. Í tæpa þrjá mánuði samfleytt sjá íbúar kaupsins ekki til sólar. En þegar loksins birtir til breytist mannlífið svo um munar.

Eftir langa og dimma skammdegisdaga tekur veturinn á sig nýja mynd. Sólin lýsir allt upp, ekki bara húsin og fjöllin, heldur sálartetrið í hverju mannsbarni. Þeir sem búa við sólarleysi í langan tíma skilja sælutilfinninguna þegar fyrst sést til sólar á ný. Litla kaupsínið undir háa fjallinu geislar þegar sólargeislarnir birtast.

Í góða veðrinu um daginn, þegar fréttaritari Morgunblaðsins var á ferð um götur staðarins, mátti sjá börn og fullorðna fagna sólarkomunni.

-R. Schmidt

Orðskýringar

svo um munar: mjög mikið

um daginn: fyrir nokkrum dögum

staður: þorp

Verkefni

1. Spurningar:

- a) Hvers vegna sést ekki til sólar á Bíldudal í janúar?
- b) Við hvað starfar R. Schmidt á Bíldudal?
- c) Gætuð þið hugsað ykkur að búa á stað þar sem sólin sést ekki í þrjá mánuði? Hvaða áhrif hefði það á ykkur?

2. Útskýrið merkingu orðanna:

- a) Bíliddælingur
- b) tæpir þrír mánuðir
- c) sólarleysi

3. Myndið íbúaheiti af eftirfarandi staðaheitum:

Bíldudalur >	<u>Bílddælingur</u>
Ísafjörður >	_____
Akureyri >	_____
Suðurland >	_____
Grindavík >	_____
Hafnarfjörður >	_____
Kópavogur >	_____
Seltjarnarnes >	_____
Vestfirðir >	_____
Siglufjörður >	_____
Húsavík >	_____
Selfoss >	_____
Keflavík >	_____
Garðabær >	_____
Reykjavík >	_____
Borgarnes >	_____